

Niðurstöður úr SET lista á Kiðagili nóvember 2018

SET listinn er matstæki til að meta árangur og uppbyggingu SMT – skólafærni skóla. Listinn er lagður fyrir með viðtölum við börn, starfsfólk og stjórnendur leikskólans, með áhorfi í skólanum sjálfum og með því að skoða handbækur og önnur SMT gögn.

Niðurstöður listans er ætlað að nota til að þróa, endurskoða og/eða bæta SMT – skólafærni viðkomandi skóla. Listinn er lagður fyrir einu sinni á ári og því gott tæki til að bera saman árangur milli ára.

Dagný og Vala heimsóttu leikskólann Kiðagil þann 21. nóvember 2018. Rætt var við börn og starfsfólk og einnig litið á SMT gögn leikskólans.

Niðurstöður SET listans á Kiðagili eru þær að skólinn er að vinna SMT á fullnægjandi hátt. Heildarmeðaltal skólans er 90,5 %. Skólar sem fá 80 % eða meira í heildarmeðaltal eru að innleiða og vinna eftir SMT á fullnægjandi hátt. Í listanum eru 8 flokkar sem kannaðir eru og var heildarmeðaltal þessara átta flokka 90,5 %. Heimsóttar voru 3 deildir af 4, Engjarós, Smári og Sóley. Kennarar og börn á Smára fóru í vettvangsferð stuttu eftir komu okkar og því var talað við færri kennara þar en á öðrum deildum. Síðasta deildin sem við heimsóttum var Sóley, þar var helmingur deildar nýlega kominn inn úr útiveru og þess vegna sáum við ekki skiptitíma á þeirri deild.

Hér fyrir neðan er farið yfir niðurstöður listans (Flokkar A – H):

A. Reglur skilgreindar – $8/8 = 100\%$

Jákvæðar skólareglur eru til staðar, eru sýnilegar og í hæð nemenda á öllum þremur deildum.

B. Reglur kenndar – $4/6 = 66,7\%$

Til staðar er reglutafla þar sem kemur fram yfirlit um reglur og hvenær á að kenna reglur. Í leikskólanum eru fjórar yfirreglur og 12 undirreglur. Starfsmenn nefndu 3 - 4 yfirreglur og 0 – 6 undirreglur og eru því að tilgreina færri en helming reglna. Ef til vill er mikill fjöldi undirreglna/svæðareglna að koma í veg fyrir að starfsfólk muni eftir þeim. Tekin voru samtöl við 9 börn, 3 af hverri deild þar sem þau voru spurð út í reglur. Allajafna töldu börnin upp 2 – 4 yfirreglur, tvö börn töldu einnig upp 1-3 undirreglur. Flest barnanna sögðu reglurnar orðrétt en einnig var talað um að „fara í hvíld“, „fara út“ og „ekki trufla kennara“ Þær reglur sem börnin minntust á voru meðal annars að hafa hendur og fætur hjá sér, fylgja fyrirmælum, vera á sínu svæði, hafa hljótt og nota inniröddina.

C. Viðbrögð við æskilegri og óæskilegri hegðun – $12/14 = 85,7\%$

1. Til staðar er kerfisbundin leið til að umbuna fyrir æskilega hegðun og taka flestir starfsmenn þátt í að nota kerfisbundnar aðferðir til að umbuna fyrir æskilega hegðun. Börnin fá bros þegar þau fylgja reglum og safna. Þegar takmarki er náð er umbun veitt. Einnig er notuð félagsleg hvatningu. s.s. „þumall“ og „fimma“. Einnig eru einhver börn með persónuleg umbunakerfi ef þörf þykir.
2. Til staðar er ákveðið ferli sem starfsmenn fylgja varðandi viðbrögð við óæskilegri hegðun, s.s. forréttindamissir, einvera og fleira. Allir starfsmenn eru með plastað spjald í töskunni sinni um einveruferlið. Einveran er skráð á öllum deildum og svo er gögnum safnað saman í mentor reglulega.
3. Í áhorfi á deild bar mismikið á jákvæðum og neikvæðum athugasemdum til barnanna. Flestir starfsmenn töluðu jákvætt til barnanna en innan þessa tímaramma sem við vorum á staðnum urðum við lítið varar við markvisst munnlegt hrós til barnanna.

D. Skipulagt og fyrirjánlegt umhverfi – $8/10 = 80\%$

Myndrænt skipulag var að finna á tveimur deildum en á einni var uppi vísir af dagsskipulagi sem náði yfir mestan hluta morguns. Allir starfsmenn gátu sagt hvað tekur við eftir að samverustund lýkur og áttu börnin einnig í flestum tilfellum auðvelt með að nefna hvað væri næst á dagskrá. Á Engjarós og Smára sáum við skiptitíma og þá var klappað athyglimerki til að gefa til kynna breytingar. Þar urðum við ekki varar við að fyrirvari væri gefinn um að breytingar væru framundan. Á meðan áhorf stóð yfir á Sóley átti sér enginn skiptitími stað. Skiptitímar gengu vel fyrir sig og börnin virtust meðvituð um hvað þau áttu að gera.

E. Eftirlit og ákvarðanartaka – $8/8 = 100\%$

Til staðar er eyðublað til að skrá óæskilega hegðun en það er gert daglega. Fyrstu viku í herjum mánuði er skráningavika. Þessum gögnum er safnað saman og sett inn í mentor. Einnig eru niðurstöður ræddar á fundum og ákvarðanir teknar út frá því.

F. Þátttaka fjölskyldu – $10/10 = 100\%$

Foreldrar hafa möguleika á að koma og taka þátt í starfi leikskólans og hafa deildarstjórar regluleg samskipti við þá, svo sem tölvupóstur, viðtöl, dagleg samskipti o.fl. Foreldrar eru einnig upplýstir um reglur a.m.k. einu sinni á ári og fá skriflegar upplýsingar um framkvæmd SMT skólafærni. Fulltrúar foreldraráðs fengu tækifæri til að taka þátt í endurskoðun reglna á árinu.

G. Stjórnun – $11/12 = 91,6\%$

Í skólanum er til staðar teymi sem heldur utan um og styður við SMT skólafærni og var þetta staðfest af starfsmönnum. Teymið samanstendur af stjórnendum og er því ekki þverskurður allra starfsmanna skólans. Teymið fundar í hverjum mánuði og upplýsir

starfmenn um framvindu og markmið SMT með fundargerðum. Til staðar er aðgerðaráætlun með ákveðnum markmiðum tengdum SMT skólafærni.

H. Stuðningur við verkefni – $8/8 = 100\%$

Samkvæmt viðtali við stjórnanda þá er gert ráð fyrir ákveðnu fjármagni til að þróa og viðhalda SMT. Starfsmenn hafa tíma og fá úrræði til að vinna að markmiðum verkefnisins. Starfsmönnum hefur gefist kostur á fræðslu á árinu og meirihluti þeirra sem rætt var við telur sig hafa nægan tíma og úrræði til að vinna að markmiðum SMT skólafærni.

Heildarmeðaltal er 90,5%. Vinna með SMT skólafærni á Kiðagili gengur vel en það má alltaf gera betur, t.a.m. með því að nota orðræðu SMT og reglur skólans. Haldið áfram góðu starfi, þið eruð frábær!

Dagný Ósk Auðunsdóttir og Vala Magnúsdóttir